

Har. Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
birgir@ry.is

Suðurlandsvegi 1-3,
850 HELLA

Selfoss, 18. september 2020
Tilvísun: 2020010029/rmj/

Efni: Umsögn breytinga vegna deiliskipulagslýsingar fyrir Skammbeinsstaði 1D, Rangárþingi ytra.


Vegagerðin hefur fengið til umsagnar deiliskipulagslýsingu fyrir Skammbeinsstaði 1D Rangárþingi ytra, sem unnið er af Eflu verkfræðistofu dags. 01.09.2020.

Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein. Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði stofnvega 30 m til hvorrar handar frá miðlínu vega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.

Vegagerðin setur þau skilyrði að þess sé gætt að sjónlengdir við gatnamót séu nægjanlegar og að veltengingar séu sem næst beint inn á veg. Vegna öryggisráðstafana skal móta tenginguna þannig að hún verði hornrétt á veg og jafnhá a.m.k. 20 m næst þjóðvegi.

Skilyrði er að öðrum verði heimilt að nota tenginguna ef t.d. svæðið í kringum veginn byggist upp, þannig að fjölda tenginga á svæðinu verði haldið í lágmarki. Skilyrði þetta komi fram á skipulagsuppdrætti.

Virðingarfyllt,


Rannveig María Jóhannesdóttir
Landfræðingur

Suðursvæði Vegagerðarinnar